

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2016

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2016 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 31,8 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 12,3 ma.kr. fjórðunginn á undan. Þetta er níundi ársfjórðungurinn í röð sem viðskiptajöfnuðurinn er hagstæður. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nam 38,5 ma.kr. en þjónustujöfnuður² mældist hagstæður um 62,2 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var hagstæður um 12,5 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 4,5 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.070 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.094 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 24 ma.kr. eða sem nam 1,1% af VLF. Nettóskuldir lækkuðu um 40 ma.kr. eða sem nam 1,8% af VLF á milli ársfjórðunga. Gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands hinn 16. júní sl. hafði þau áhrif að skuldir í íslenskum krónum lækkuðu um 83 ma.kr. og á móti lækkaði gjaldeyrisforðinn um 54 ma.kr. Niðurstaða útboðsins leiddi því til hagstæðari erlendar stöðu þjóðarbúsins sem nam um 29 ma.kr.³ Á ársfjórðungnum greiddu félögin sem stofnuð voru á grunni slitabúa gömlu viðskiptabankanna samtals 82 ma.kr. inn á skuldabréf í eigu erlendra kröfuhafa. Í lok fjórðungsins nam skuld þeirra 566 ma.kr. sem síðar verður greidd eftir því sem sölu eigna vindur fram.⁴ Skuldir félaganna í lok fyrsta ársfjórðungs 2016 hafa verið endurskoðar en þær reyndust mun lægri en áætlað var við síðustu birtingu. Áhrif þessa er betri erlend staða þjóðarbúsins í lok fyrsta ársfjórðungs 2016 sem nemur rúmum 70 ma.kr. eða 3,1% af VLF.⁵

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

² Sjá á vef Hagstofunnar.

³ Sjá frétt Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisútboðið.

⁴ Tekið skal fram að verðmat eignanna eins og það birtist í hagtölunum er nokkru hærra en skuldarnar. Matið á eignunum er frábrugðið því sem birt er í uppgjörum fyrirtækjanna sjálfra vegna mismunandi uppgjörsaðferða. Skuldarnar eru á markaðsvirði.

⁵ Ársfjórðungslegar fjárhagsupplýsingar félaganna liggja í sumum tilfellum ekki fyrir í endanlegri útgáfu þegar vinnsla greiðslujafnaðar og erlendra stöðu þjóðarbúsins fer fram. Því er stuðst við áætlanir eða bráðabirgðagögn sem geta tekið breytingum.

Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 28 ma.kr. bættrar erlendra stöðu þjóðarbúsins. Þar af lækkuðu erlendar eignir um 181 ma.kr. og skuldir um 210 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins eða um 44 ma.kr. á ársfjórðungnum. Gengi krónunnar hækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum eða að jafnaði um 3,4% miðað við gengisskráningarvog. Mest hækkaði gengi krónunnar gagnvart sterlingspundi eða um 7,2%.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2015, Q2</u>	<u>2015, Q3</u>	<u>2015, Q4</u>	<u>2016, Q1</u>	<u>2016, Q2</u>
Viðskiptajöfnuður	32,6	56,0	12,0	12,3	31,8
Vöruskiptajöfnuður	-12,7	-11,8	-14,7	-26,4	-38,5
Þjónustujöfnuður	61,8	94,0	23,2	28,3	62,2
Jöfnuður frumþáttatekna	-13,0	-2,1	7,7	14,1	12,5
Rekstrarframlög, nettó	-3,6	-24,0	-4,2	-3,7	-4,5
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,4	-0,4	-0,3	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	75,2	48,1	29,6	16,2	28,3
Bein fjárfesting	59,4	-1,3	-11,9	-25,1	-47,3
Verðbréf	14,7	-70,4	609,7	69,7	136,4
Afleiður	0,0	5,0	-0,1	0,7	-1,1
Önnur fjárfesting	-26,2	106,3	-635,4	-127,3	-33,5
Gjaldeyrisforði	27,3	8,5	67,2	98,3	-26,2
Skekkiur og vantalið, nettó	42,9	-7,5	18,0	4,2	-3,1

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q1 2016	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q2 2016
Erlendar eignir, alls	4.318	-181	-86	19	4.070
Bein fjárfesting	1.986	-135	-44	14	1.821
Verðbréf	894	30	-13	6	916
Afleiður*	10	0	-1	0	8
Önnur fjárfesting	694	-50	-15	-3	626
Gjaldeyrisforði	735	-26	-12	3	699
Erlendar skuldir, alls	4.382	-210	-130	52	4.094
Bein fjárfesting	2.214	-88	-49	66	2.143
Verðbréf	1.504	-106	-78	-6	1.314
Afleiður*	12	0	1	0	12
Önnur fjárfesting	652	-16	-3	-8	625
Hrein staða við útlönd	-64	28	44	-33	-24
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-2,8%	1,2%	1,9%	-1,4%	-1,1%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.